

Þess samnings, að allt verkafólk í niðursuðuverksmiðjunni væri félagsfólk í Iðju. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkfallsboðun Iðju hafi, eins og á stóð, átt að leiða til verkfalls hjá þeim félagskonum Framsóknar, er unnu í verksmiðjunni, er verkfallið hófst. Var forráðamönnum hennar því vítalaut að láta þær halda áfram sömu störfum og þær áður unnu og hafa ekki með því gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 9/1944. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögmaett samúðarverkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. þ. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar og gerir stefnandi þær dómkröfur í málinu:

1. Að ólöglegt verði dæmt verkfall það, er verkamannafé-

lagið Dagsbrún lét hefja hjá Stáltunnugerð J. B. Péturssonar kl. 12 á hádegi 9. ágúst 1944,

2. að stefndi verði fyrir þetta ólögmæta verkfall dæmdur til að greiða hæstu sektir, er lög leyfa,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 1000.00, eða til vara aðra upphæð eftir mati félagsdóms, fyrir hvern dag, sem liður frá kl. 12 á hádegi 9. ágúst 1944, unz téðu verkfalli er af létt, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og
4. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan sakarkostnað eftir mati félagsdóms.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samkvæmt beiðni aðilja og með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, hefur dómurinn samþykkt að meðferð málsins hér fyrir dómi verði skipt þannig, að frestað verði málflutningi um upphæð skaðabóta-kröfunnar.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. þ. m. hóf Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, verkfall hjá félagsmönnum Félags ísl. iðnrekenda, en þann 31. f. m. hafði kjarasamningur frá 30. júlí 1943 milli þessara aðilja fallið úr gildi, að undangenginni uppsögn. Í Stáltunnugerð J. B. Péturssonar, sem verið hafði aðili að nefndum samningi sem félagi í Félagi íslenzkra iðnrekenda, vann, er verkfallið hófst, 1 maður úr Iðju og lagði hann niður vinnu. Alls unnu þarna 11 menn. Voru 7 þeirra félagsmenn úr Dagsbrún, 2 úr öðrum verklýðsfélögum, nefndur Iðjumaður og verkstjórinn. Eftir að verkfall Iðju hófst og sumarleyfum í Stáltunnugerðinni var lokið að kvöldi þess 7. ágúst héldu 10 manna áfram störfum sínum og er því ekki haldið fram, að þeir hafi farið inn á starfssvið þessa eina manns, er lagði niður vinnu. En 9. þ. m. kl. 12 á háð. lögðu þeir félagsmenn verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er þarna unnu, 7 að tölu, niður vinnu að tilhlutan forráðamanna félagsins og stöðvaðist þá öll vinna í Stáltunnugerðinni. Framkvæmdastjóra verksmiðjunnar hafði áður verið tilkynnt þessi ákvörðun Dagsbrúnar kl. 10.45 sama dag.

Stefnandi telur, að hér sé um samúðarverkfall að ræða af hálfu Dagsbrúnar. En þar sem ekki hafi um framkvæmd þess verið fylgt fyrir mælum II. kafla laga nr. 80/1938, um framkvæmd vinnustöðvana, sé það ólögmætt, því hvorki hafi farið

fram atkvæðagreiðsla samkvæmt 15. gr. nefndra laga né verkfallið tilkynnt þeim, sem það beindist gegn eða sáttasemjara, með lögmætum fyrirvara. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði og eigi að sæta viðurlögum fyrir það. Þá telur stefnandi og, að stefndi hafi með nefndu verkfalli bakað sér tjón og sé hann bótaskyldur fyrir það.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér sé ekki um verkfall að ræða af hálfu Dagsbrúnar, heldur sé vinnustöðvun þessi eðlileg og lögmæt afleiðing af löglega boðuðu verkfalli Iðju, er hófst 1. þ. m. Er sú staðhæfing hans studd þeim rökum, að samkvæmt áðurgildandi samningum milli Iðju, félags verksmiðjufólks og stefnanda máls þessa, þar á meðal þeim, er féll úr gildi 31. f. m., hafi Stáltunnugerðin verið meðal þeirra iðnfyrirtækja, er þeir náðu til. Í 24. gr. síðastnefnds samnings sé svo ákveðið, að allt verksmiðjufólk hjá félögum í Félagi ísl. iðnrekenda, sem samningurinn náir yfir, skuli vera félagar í Iðju. Undanskildir séu þó meistarar og verkstjórar. Af þessu leiðir, segir stefndi, að vinna í Stáltunnugerðinni heyrir undir starfssviði Iðju. Verkfall Iðju, sem hófst 1. þ. m., eigi því að lögum líka að ná til vinnu í Stáltunnugerðinni, án tillits til þess, hvort hún var þá framkvæmd af félagsfólki úr Iðju eða úr öðrum félögum. Kveður stefndi það vera reglu og að því unnið innan verklyðssamtakanna, að ekki sé við því amast, þó félagar úr einu verklyðsfélagi vinni á starfssviði annars, en slíkt eigi ekki að hafa í för með sér neinn réttindamissi fyrir félag það, er hlut eigi að máli. Af þessu leiði, að eftir að Iðja hafði fyrirskipað verkfall hafi félagsmönnum úr öðrum verklyðsfélögum innan alþýðusambandsins, en það standi að verkfalli Iðju, verið óheimilt að vinna í Stáltunnugerðinni. Dagsbrún hafi því, er Iðja hafði tilkynnt því félagi, að verkfallið næði til nefnds fyrirtækis, lagi fyrir félagsmenn sína þar að hætta vinnu. Telur hann það brot á 18. gr. laga nr. 80/1938 af hálfu forráðamanns Stáltunnugerðarinnar, að hann lét Dagsbrúnarmenn vinna þar áfram. Verði stefnda því ekki gefið það að sök, þó nú sé ekki unnið í nefndu fyrirtæki.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt þessum rökstuðningi stefnda. Heldur hann því fram, að yfirstandandi verkfall af hálfu Iðju geti aðeins náð til þess fólks, sem séu félagar í því félagi. Nú hafi menn þeir, sem í Stáltunnugerðinni unnu, allir tekið kaup og verið ráðnir samkvæmt kjarasamningi Vinnuveit-

endafélags Íslands og Dagsbrúnar og flestir þeirra verið félagsmenn þess félags. Hafi sú tilhögun verið upptekin á árinu 1941 og haldizt æ síðan. Um þetta hafi forráðamönnum Iðju verið fullkunnugt, en ekki á neinn hátt hafist handa gegn því. Neitar hann því, að verkfallsákvörðun Iðju geti verið löglegur grundvöllur fyrir því, að Dagsbrúnarmenn þeir, er hjá honum unnu, leggðu niður vinnu, eða gefi stjórn Dagsbrúnar heimild til slíkrar fyrirskipunar, án þess undirbúnings, sem heimtaður sé í II. kafla laga nr. 80/1938. Menn þeir, er hjá honum unnu, hafi heldur ekki á neinn hátt farið inn í starf áður nefnds Iðjufélaga, er þátt tók í verkfalli félagsins. Forráðamanni Stáltunnugerðarinnar hafi því verið fullkomlega heimilt og vítalaut að halda starfseminni áfram, þrátt fyrir verkfall Iðju.

Eins og að framan er greint, tóku starfsmenn í Stáltunnugerðinni laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands, og voru 7 þeirra félagsmenn í Dagsbrún. Þessir 7 voru ekki félagar í Iðju og höfðu ekki tekið þátt í ákvörðun þess félags um að hefja verkfall það, er nú stendur yfir. Viðurkennt er, að sú regla hafi að staðaldrí viðgengizt í Stáltunnugerðinni síðan á árinu 1941, að þar væri unnið aðallega af öðrum en Iðjufélögum og eftir kjarasamningi við Dagsbrún, og að þetta hafi verið með **vitund** forráðamanna Iðju. Hafði Iðja ekki, meðan samningurinn við iðnrekendur frá 30. júlí 1943 var enn í gildi, heimt sér rétt þann, er hún byggir á 24. gr. þess samnings, að starfsmenn Stáltunnugerðarinnar væru félagsmenn í Iðju. Ekki hefur því verið haldið fram í málinu, að aðrir félagsbundnir starfsmenn Stáltunnugerðarinnar hafi orðið að vinna verk Iðjufélaga þess, er þátt tók í verkfallinu, til þess að starfræksla hennar gæti haldið áfram. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkfallsboðun Iðju frá 1. þ. m. hafi verið löglegur grundvöllur til verkfalls hjá þeim félagsmönnum Dagsbrúnar, er unnu í Stáltunnugerðinni.

Hins vegar verður að meta verkfall það, sem Dagsbrúnarmenn gerðu hjá Stáltunnugerðinni 9. þ. m. samkvæmt ákvörðun félagsstjórnarinnar, sem samúðarverkfall af hálfu stefnda. Því hefur ekki verið haldið fram, að ákvörðun Dagsbrúnar um verkfallið hafi verið tekin samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938, né heldur verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem um getur í 16. gr. sömu laga. Verður því að meta nefnt

verkfall ólögmætt og gera stefnda að greiða sekt fyrir brot á téðum lagagreinum. Þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 300.00 sekt í ríkissjóð.

Þá verður að telja nægileg rök fram komin fyrir því, að vinna í Stáltunnugerðinni hafi fallið niður vegna nefndra aðgerða forráðamanna Dagsbrúnar og ber það félag því skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni vegna nefndrar vinnustöðvunar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Verkfall það, er Verkamannafélagið Dagsbrún lét hefja hjá Stáltunnugerð J. B. Péturssonar 9. þ. m., er ólöglegt.
2. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 200.00 í sekt í ríkissjóð.
3. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, er bótaskyldt gagnvart Stáltunnugerð J. B. Péturssonar.
4. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar, kr. 300.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. september 1944.

Nr. 2/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands.

Málavextir eru þessir: